

Þingfundargerð 20. þings Keilusambands Íslands
16. maí 2013 í Félagi heyrnarlausra,
Grensásvegi 50, Reykjavík.

1. Þingsetning.

Þórarinn Már Þorbjörnsson formaður KLÍ setti þingið kl. 17:30.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Þórarinn Már Þorbjörnsson tilnefndi Hafstein Pálsson þingforseta og Rögnu Matthíasdóttur þingritara og voru þau samþykkt samhljóða.

3. Kosnar fastanefndir.

Fyrir lágu tillögur um fulltrúa í allar nefndir. Guðmundur Sigurðsson bað um að sér yrði bætt við í laga- og leikreglanefnd og var það samþykkt samhljóða. Guðrún Soffía Guðmundsdóttir, sem átti að vera í allsherjarnefnd, gat ekki mætt og var stungið upp á að Einar Jóel Ingólfsson og Heiðar Rafn Sverrisson kæmu í hennar stað og var það samþykkt samhljóða.

Kjörbréfanefnd:

Reynir Þorsteinsson
Böðvar Már Böðvarsson
Bjarni Sveinbjörnsson

Fjárhagsnefnd:

Jón Grímsson
Karenina Chiodo
Valgeir Guðbjartsson

Laga- og leikreglanefnd:

Andrés Haukur Hreinsson
Jón Thorarensen
Bragi Már Bragason
Þórir Ingvarsson
Guðmundur Sigurðsson

Allsherjarnefnd:

Böðvar Már Böðvarsson
Theodóra Ólafsdóttir
Einar Jóel Ingólfsson
Heiðar Rafn Sverrisson

Kjörnefnd:

Höskuldur Höskuldsson
Halldóra Íris Ingvarsdóttir
Unnur Vilhjálmsdóttir

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Þórarinn Már Þorbjörnsson las skýrslu stjórnar. Keilusambandið varð 20 ára á liðnu ári og var boðið til móttöku á Café Easy. Í tilefni af afmælinu kom forseti Evrópska keilusambandsins til landsins. Honum var afhent umsókn frá Íslandi um að halda European Champions Cup 2014 og var hún samþykkt í stjórn ETBF. Á samráðsfundi norrænu keilusambandanna var samþykkt áframhald á Norðurlandamóti U23. Jafnframt var samþykkt að taka þátt í Norðurlandamóti

eldri borgara, 65 ára og eldri, sem haldið verður árlega. Eins og er eigum við ekki nægilega marga þátttakendur í þetta mót, en það þarf 8 keppendur frá hverju landi. Svíar og Finnar hafa keppt sín á milli um árabíl, nú bætast Norðmenn og Danir við og svo kemur að okkur innan fárra ára að halda mótið. Einnig er til skoðunar að setja upp „Nordic Tour“ í stað Super Six mótanna og yrði þá eitt mót í hverju norrænu landanna árlega. Nýr keilusalur opnaði í Egilshöll í september og virðist vera fjölgun í íþróttinni. Hafþór Harðarson hafnaði í 14. sæti á Evrópumóti einstaklinga. Mörg verkefni voru hjá ungmenna- og fullorðinslandsliðunum, m.a. heimsmeistaramót og Evrópumót. Karlalandsliðið fékk keppnisrétt á heimsmeistaramótinu sem haldið verður í Las Vegas í lok ágúst.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

Ólafur Páll Vignisson, gjaldkeri KLÍ, var ekki á þinginu og fór Þórarinn Már Þorbjörnsson yfir ársreikningana í hans stað. Keypt var ný tölva á skrifstofu KLÍ á þessu ári og skýrir það aukinn skrifstofukostnað á ársreikningi. Ekki er mikil hækkun á tekjum og gjöldum frá síðasta ári og hagnaður ársins er mjög lítill, eða 37.497 kr. Enginn kom með athugasemd við reikningana og voru þeir samþykktir samhljóða.

Hafsteinn Pálsson, þingforseti, ávarpaði þingið og flutti kveðjur frá forseta, framkvæmdastjórn, framkvæmdastjóra og starfsfólki ÍSÍ og þakkaði samstarfið á liðnum árum. Mikið er um að vera á vegum ÍSÍ, íþróttþingi er nýlengið, Lífshlaupið var í vetur, Hjólað í vinnuna er í gangi og framundan eru Smáþjóðaleikar, Kvennahlaup og Ólympíuhátíð æskunnar, sem verður í sumar. Smáþjóðaleikarnir verða haldnir hér á landi eftir 2 ár og er undirbúningur fyrir þá hafinn. Fyrirtækjaíþróttaleikar verða í Prag í júní, keilan er eina íþróttin sem hefur sýnt áhuga á að taka þátt þar og er Landsbankinn eina fyrirtækið sem hefur tekið þátt héðan. Af Norðurlandþjóðunum hafa Danir verið virkastir þar undanfarin ár.

Þingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar. Athugasemd kom frá Herði Inga Jóhannssyni varðandi úrslit í 1. deild karla á bls. 6, þar á ÍR-PLS að vera í öðru sæti, en KFA-ÍA í þriðja sæti ásamt KFA-ÍA-W. Athugasemd kom frá Jóni Thorarensen varðandi upptalningu á keilusölum á bls. 4. Þar er talað um að mótshald hafi farið fram í þrem keilusölum í vetur, en rétt er að þeir eru fjórir. Athugasemd kom frá Bjarna Sveinbjörnssyni varðandi nafn banka í ársreikningi á bls. 6, þar er talað um innistæður í Sparisjóði Vélstjóra en á að vera í Íslandsbanka.

Reynir Þorsteinsson tók til máls fyrir hönd kjörbréfanefndar. Mættir voru 26 þingfulltrúar af 36. Mættir voru: 3 frá ÍFH, 10 frá ÍR, 4 frá KFA, 7 frá KFR og 2 frá KR. Vantaði: 2 frá ÍFH, 1 frá KFA, 1 frá KR og 3 (þ.e. alla fulltrúana) frá ÞÓR. Einnig áttu héraðssamböndin ÍA, ÍBR og ÍBA einn fulltrúa hvert og mætti enginn frá þeim. Kjörbréf frá KR var handskrifað og var lagt fyrir þingið hvort það væri í lagi, það var samþykkt samhljóða. Kjörbréf voru samþykkt samhljóða.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Þórarinn Már Þorbjörnsson fór yfir fjárhagsáætlunina - þingskjal. nr. 1. KLÍ fékk 1.000.000 kr. úr afrekssjóði ÍSÍ á þessu ári og skýrir það hækkun á áætluninni fyrir árið 2013. Starfsmaður KLÍ, Sigurbjörn S. Vilhjálmsson, hefur sagt upp störfum og vantar starfsmann í hans stað um næstu mánaðamót. Heldur er gert

ráð fyrir hækkun bæði á tekjum og gjöldum á næsta ári og væntanlega verður afgangur mjög lítill. Fjárhagsáætlun var því næst vísað til fjárhagsnefndar. Hafsteinn Pálsson bendir á að ný sérsambönd verði stofnuð á þessu ári, sem hafi það í för með sér að lottó- og útbreiðslustyrkir dreifist á fleiri aðila.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.

Lög Keilusambands Íslands voru send til framkvæmdastjórnar ÍSÍ til endurskoðunar og var gerð athugasemd við 6. grein og 9. grein laganna.

Lögð var fram tillaga að breytingu á kafla I í lögum Keilusambands Íslands, þingskjal nr. 2. Erindi framkvæmdastjórnar ÍSÍ var látið fylgja með tillögunni og var henni vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Lögð var fram tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða, þingskjal nr. 3 og var henni vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Lögð var fram tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ um Bikarkeppni liða, þingskjal nr. 4. Þetta á að vera reglugerð um **Íslandsmót liða**, þarf að leiðrétta það og var henni vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Þórir Ingvarsson bendir á að lög um Bikarkeppni liða séu ekki samhljóða lögum um Íslandsmót liða eins og þau eru í dag og það þurfi að lagfæra.

Þórir Ingvarsson spyr hvað hafi orðið um tillögu sem KFR lagði fram varðandi unglíngamót. Þórarinn Már Þorbjörnsson svarar að tillagan hafi verið send til unglínganefndar og í framhaldi af því verði hún lögð fyrir formannafund í ágúst.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

Engar aðrar tillögur hafa verið lagðar fram.

Þinghlé og nefndarstörf hófust kl. 18:15 og stóðu í u.þ.b. 30 mínútur. Í þinghléi voru bornar fram veitingar.

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Engin mál komu frá allsherjarnefnd.

Þórir Ingvarsson tók til máls fyrir hönd laga- og leikreglnanefndar.

Þingskjal nr. 2 - Tillaga að breytingu á kafla I í lögum Keilusambands Íslands. Þingskjalið kom óbreytt úr nefnd. Þingskjal nr. 2, 6. grein var borin upp og var hún samþykkt samhljóða. Þingskjal nr. 2, 9. grein var borin upp og var hún samþykkt samhljóða. Því næst var þingskjal nr. 2 borið upp í heild sinni og var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 3 - Tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða. Þingskjalið kom ekki úr nefnd og var það fellt niður.

Þingskjal nr. 4 - Tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ um Bikarkeppni (**á að vera Íslandsmót**) liða, 10. grein. Þingskjalið kom óbreytt úr nefnd og lagði nefndin til að stjórn verði falið að samræma reglugerðina við reglugerð um Bikarkeppni liða. Theodóra Ólafsdóttir bað um útskýringu á greininni, finnst orðalagið vera mjög villandi. Fleiri voru sammála því og urðu nokkrar umræður um málið. Að lokum var lagt til að næstsíðasta málsgrein hljóði svo: „Mótanefnd getur, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr, veitt samþykki....., og jafnframt að þessi málsgrein verði færð til og verði að 2. mgr. 10. gr. Þetta var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 4, 10. grein borið upp í heild sinni og var það samþykkt samhljóða.

Munnleg tillaga lá fyrir frá nefndinni um að vísa til stjórnar að gera samsvarandi breytingar á reglugerð um Bikarkeppni liða og var það samþykkt samhljóða.

Valgeir Guðbjartsson tók til máls fyrir hönd fjárhagsnefndar – tekið var fyrir þingskjal nr. 1 – Fjárhagsáætlun og var hún samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál.

Bragi Már Bragason óskar eftir að stjórn taki fyrir tillögu varðandi breytingar á deildarkeppni sem hefur verið rædd á Facebook að undanfögnu. Þórarinn Már Þorbjörnsson telur ekki tímabært að taka þetta mál fyrir án frekari skoðunar, en stingur upp á að karlalandsliðið geri tilraun með þetta fyrirkomulag í undirbúningi sínum fyrir ferð til Las Vegas í ágúst.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa í íþróttaping ÍSÍ.

Unnur Vilhjálmsdóttir tók til máls fyrir hönd kjörnefndar.

Úr stjórn fara aðalmennirnir Ólafur Páll Vignisson og Ingi Geir Sveinsson og gefur Ólafur Páll ekki kost á sér áfram. Sem aðalmenn til tveggja ára gefa Ingi Geir Sveinsson og Jón Grímsson kost á sér – samþykkt samhljóða.

Sem varamenn til eins árs gefa Linda Hrönn Magnúsdóttir, Karenina Kristín Chiodo og Guðmundur J. Kristófersson kost á sér áfram – samþykkt samhljóða.

Varðandi val á fulltrúum og varafulltrúum á íþróttaping ÍSÍ – Þar sem þingið er ekki fyrir en efir 2 ár fellur þessi liður niður.

12. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.

Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir en það eru: Guðni Steinar Gústafsson og Sírý Hrönn Haraldsdóttir og til vara: Pétur Helgason og Hjalti Ástbjartsson.

13. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.

Lagt var til að þingritari fengi tækifæri til að klára þingfundargerð og var það samþykkt samhljóða. Þessu þarf að breyta í lögum – Þórir Ingvarsson telur að búið sé að breyta, en hafi hugsanlega gleymst að setja inn.

14. Þingslit.

Þórarinn Már Þorbjörnsson, formaður, þakkaði stjórn og öðrum fyrir samstarfið á árinu. Hann ítrekaði að Keilusambandið hefði sótt um að halda Evrópumót einstaklinga árið 2014. Í sumar koma matsmenn til að taka keilusalina í Öskjuhlíð og Egilshöll út og fáum við svo endanlegt svar í framhaldi af því. Að lokum þakkaði hann viðstöddum fyrir samstarfið á þinginu.

Hafsteinn Pálsson, þingforseti þakkaði þingfulltrúum fyrir unnin störf með óskum um gott keiluár og sleit þinginu kl. 19:10.

Þingritari
Ragna Matthíasdóttir.